

Fitjið upp (100) 108 (108) 116 (116) 124 (124) 130 (136) L á prjóna nr. 3.

Prj 7 umf stroff (1 S, 1 B).

Næsta umf: (40) 43 (43) 46 (46) 48 (48) 51 (53) L stroff, fellid af 2 L, (16) 18 (18) 20 (20) 24 (24) 24 (26) L stroff, fellid af 2 L, (40) 43 (43) 46 (46) 48 (48) 51 (53) L stroff.

Í næstu umf eru fitjaðar upp 2 nýjar L í stað þeirra sem felldar voru af. Prj samtals 14 umf stroff.

Skiptið yfir á prjón nr. 3.5.

Í næstu umf er prj þannig, um leið og aukið er jafnt út um (0) 2 (2) 4 (4) 6 (6) 10 (4) L = (100) 110 (110) 120 (120) 130 (130) 140 (140) L á prjóninum: 1 B, 3 S, *2 B, 3 S*, endurt frá *-* þar til 1 L er eftir, 1 B.

Þegar stykkið mælist 10 cm er bakstykkið prjónað lengra, þannig: 20 L stroff, snúið við, 40 L stroff, snú, 45 L stroff, snú, 50 L stroff, snú.

Str 12 (18) 24 (36) mán: 55 L stroff, snúið, 60 L stroff, snúið.



Allar str:

Prj stroff út umf.

Setjið prjónamerki sitt hvorum megin við 8 lykkjur, í miðju að aftan og að framan, þegar stykkið mælist (16) 18 (22) 23 (26) 28 (29) 32 (36) cm.

Aukið út um 1 L hvorum megin við lykkjurnar 8 í næstu umf (snúin S eða snúin B, allt eftir því hvernig liggur í stroffinu).

Endurt aukningarnar í 3. hverri umf alls 4 sinnum (aukið út þannig að aukningin verði á skálmunum, en miðjulykkjurnar 8 haldist óbreyttar).

Í næstu umf eru lykkjurnar 8, að framan og aftan, felldar af.

Prj nú skálmar hvora fyrir sig í hring.

Þegar skálmin mælist (3) 4 (6) 9,5 (9,5) 10 (12) 14 (14) cm, er 1 L tekin úr í annarri hvorri brugðinni rönd, með því að prj 2 B saman.

Haldið áfram að prj S yfir S og B yfir B.

Þegar skálmin mælist (7) 9 (11) 13 (14) 17 (19) 21 (23) cm er 2 S prj saman og síðan eru 2 B prj saman í brugðnu röndinni sem ekki var tekið úr áður = (40) 44 (44) 48 (48) 52 (52) 56 (56) L á prjóninum. Með úrtökunni í upphafi umferðar (2 S prj saman) er lykkjum í brugðnu röndinni sem er á mótum umferða (ein B í byrjun umf ein B í lok umf) fækkað um eina og þarf því ekki að prj 2 B saman í henni.

Prj áfram þar til skálmin mælist (9) 10 (14) 17 (19) 22 (24) 27 (30) cm.

Næsta umf: *1 S, 1 B, 1 S, 1 B, 1 Ó, 2 S saman, steypid Ó yfir, 1 B *, endurt frá *-* þar til (0) 4 (4) 0 (0) 4 (4) 0 (0) L eru eftir, (0) 4 (4) 0 (0) 4 (4) 0 (0) S.

Skiptið yfir á prjóna nr. 3.

Prj 12 umf stroff (1 S, 1 B).

Prj 1 umf stroff og fellid af, S og B, um leið.

AXLABÖND

Notið prj nr. 3. Prj upp 19 L í miðju að aftan.

Prj 18 umf stroff (1 S, 1 B).

Fellið miðjulykkjuna af og prj hvort axlaband fyrir sig, þar til það mælist (18) 18 (20) 22 (24) 24 (26) 26 (26) cm, þaðan sem lykkjurnar voru teknar upp.

Fellið af. Saumið tölur á endann á hvoru bandi, saumið saman í skrefið og leggið buxurnar á rakt handklæði.